

16.12.2008

Umhverfisnefnd Alþingis

Breyting á lögum um dýravernd, 186. mál

Megin tilgangur þessarar lagabreytingar virðist vera að tryggja lagastoð fyrir aukinni gjaldtöku af þeim sem nota tilraunadýr í rannsóknarskyni. Í dag er allt eftirlit með dýratilraunum og aðstöðu fyrir tilraunadýr hjá héraðsdýralækni. Er innheimt sértsakt gjald vegna þessa eftirlits. Í breytingartillögunum er gert ráð fyrir að við bætist eftirlit tilraunadýranefndar og gjaldtökuheimild vegna þessa eftirlits. Hér með er mótmælt þeim auknum álögum á þá sem stunda dýratilraunir sem þessar breytingartillögur hafa í för með sér. Lagt er til að eftirlit héraðsdýralæknis verði fellt niður. Aðrar breytingar sem þetta lagafrumvarp hefur í för með sér lúta flestar að því að taka inn í lögín ákvæði sem nú eru í reglugerð. Tel ég það heldur til bóta.

með kveðju

Eggert Gunnarsson
Umsjónardýralæknir tilraunadýrahalds á Keldum
og umsjónardýralæknir allra dýratilrauna innan Háskóla Íslands.